

## Setningartala 10. Hafnafundur Hafnasambandsins

Teams - 3. september 2021

*Ágætu fundarmenn!*

*Verið velkomin á 10. Hafnafund Hafnasambandsins!*

Enn og aftur þurfum við að notast við fjarfundabúnað til að fara yfir okkar helstu verkefni og hagsmunamál. Það eru sannarlega vonbrigði að geta ekki komið saman og átt góða stund til að treysta samvinnu og samstarf. Vonandi sjáum við fyrr en síðar fram á bjartari tíma og við stefnum ótrauð á að halda næsta hafnarsambandsþing í Ólafsvík að ári.

Ný stjórn hafnasambandsins sem tók við störfum fyrir tæpum 10 mánuðum hefur haft ærið að starfa og þrátt fyrir takmarkanir á fundarhöldum, þá höfum við náð að halda úti virku starfi og tekið á fjölmörgum málum sem snerta hag og hagsmuni hafnarsjóða. Ég vil nota tækifærið og þakka öllum fulltrúum í stjórn og varastjórn Hafnarsambandsins, framkvæmdastjóra og starfsmanni fyrir gott samstarf um leið og ég endurtek þakkir til fyrrum formanns Gísla Gíslasonar, fyrir hans mikilvæga framlag á liðnum árum við að byggja upp og styrkja allt starf og innviði Hafnasambandsins.

Árið 2020 var fjárhagslega erfitt fyrir margar hafnir þar sem komur farþegaskipa voru nánast engar. Sú staðreynd sýnir okkur annars vegar, hvað mikill vöxtur í komum farþegaskipa á síðustu árum, hefur skipt miklu fyrir afkomu margra hafna, vítt og breytt um landið, en jafnframt líka, hversu mikilvægt er að hafa sem fjölbreyttastar stoðir undir starfsemi og tekjumyndun í hafnarekstrinum.

Hér á eftir verður farið yfir niðurstöður rekstrarafkomu hafnarsjóðanna fyrir sl. ár sem var um margt einstakt vegna Covit-ástandsins og áhrif þess á bæði vöruflutninga og komur farþegaskipa. Eins og rekstartölur bera með sér, varð víða veruleg tekjuskerðing, fyrst og fremst vegna afbókunar farþegaskipa og hafði það stór áhrif á rekstur margra hafnarsjóða sem hafa byggt stóran hluta sinnar afkomu síðustu árin á þeim skipakomum.

Heildartekjur hafnarsjóða á árinu 2020 drógust saman um nær 1.200 milljónir eða nær 12% frá árinu 2019 og rekstrarniðurstaðan var riflega helmingi lægri eða um 12% miðað við 25% á árinu 2019.

Það sumar sem nú er að líða, skilaði hins vegar betri skipaumferð og það er um margt einstakt hversu vel hefur tekist til að þjóna farþegaskip um allt land og halda úti þeirri starfsemi, þrátt fyrir það ástand sem við höfum búið við. Við fáum nánari yfirferð um þau mál hér síðar á fundinum.

Á síðast liðnum vetri voru lögð fram á Alþingi 3 stjórnarfrumvörp sem snertu hagsmuni og stöðu hafnasjóða með einum eða öðrum hætti. Mikilvægast þessara mála var frumvarp um breytingu á hafnalögum þar sem m.a. var kveðið á um lögfestingu á heimildum hafna til rafrænnar vöktunar og miðlunar þeirra gagna til notenda hafna í rauntíma á opnu vefsvæði. Í því ákvæði var jafnframt tilgreint til hvaða opinberu aðila væri heimilt að miðla efni úr upptökum, vegna rannsóknarmála; þ.e. lögreglu, Landhelgisgæslu, Vaktstöðvar siglinga og rannsóknarnefndar sjóslysa.

Í frumvarpinu var einnig mikilvægt ákvæði um greiðslu eldisgjalds af eldisfiski í sjókvíum sem er umskipaður, lestaður eða losaður í höfnum. Í umsögnum Hafnasambandsins, Sambands ísl. sveitafélaga, samtaka sjávarútvegs sveitarfélaga og einstakra sveitarfélaga á bæði Vestfjörðum og Austfjörðum var lögð rík áhersla á að gjaldtakan yrði í formi aflagjalds, en frumvarpið gerði ráð fyrir sérstöku hafnagjaldi sem ráðherra útfærði nánar í reglugerð.

Þá voru einnig í frumvarpinu ákvæði þar sem höfnum innan samevrópska flutninganetsins væri skylt að eiga samráð við notendur hafna um gjaldtöku. Í umsögn Hafnasambandsins var m.a. vakin athygli á undanþáguákvæðum í reglugerð um samevrópska flutninganetið sem nær til hafna sem staðsettar eru við ystu svæði og Ísland ætti sannarlega að falla undir það ákvæði.

Frumvarp þetta dagaði uppi á alþingi og það er miður, því mikilvægir hagsmunir felast í því að ná fram ákvæðum um greiðslu eldis- eða aflagjalds hið allra fyrsta og tryggja með þeim hætti eðlilega gjaldtöku fyrir afnot af höfnum og hafnaraðstöðu vegna sjókvíaeldis við stendur landsins. Það vinnur gegn hagsmunum hafnarsjóða að láta deilur um greiðslur vegna fiskeldis seinka því enn og aftur að sett séu skýr ákvæði um þessa gjaldtöku.

Að sama skapi er mikilvægt að lögfesta með skýrum hætti, ákvæði varðandi rafræna vöktun og útsendingar frá hafnarsvæðum og ekki síður hverjir hafa heimild til skoða það sem til er á upptökum.

Við vinnslu þessa frumvarps áttu fulltrúar Hafnasambandsins gott samráð við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og komu á framfæri ýmsum ábendingum um frekari endurskoðun á hafnalögum sem hafa verið til umfjöllunar og ályktað um á síðustu þingum Hafnasambandsins.

Stefnt er að því að vinna að frekari yfirferð á hafnalögum og mikilvægt er að Hafnasambandið fái greiðan aðgang að þeirri vinnu nú þegar í haust, og tryggt verði að nýtt og endurskoðað frumvarp líti dagsins ljós sem fyrst eftir að þing kemur saman síðar í vetur.

Í frumvarpi ráðherra um áhafnir skipa sem lagt var fram sl. vor var m.a. tekið á gömlu baráttumáli hafnasambandsins varðandi lögskráningarskyldu hafnsögu- og dráttarbáta. Samkvæmt frumvarpinu var ráðherra veitt heimild til að veita undanþágu frá gildandi ákvæði, þannig að hægt verði að lögskrá áhafnir á einn stað sem gildir fyrir alla báta viðkomandi hafnar. Í þessu felst bæði hagræði og tímasparnaður. Þá hefur Hafnasambandið ítrekað að sú breyting verði jafnframt gerð á lögskráningarkerfinu að hægt verði að skrá sama áhafnarmeðlim á minni

bátum sem skipstjóra og vélstjóra. Því miður dagaði þetta frumvarp einnig upp á lokadögum þings en verður vonandi endurflutt á nýju þingi.

### **Umhverfis- og sorpmálin**

Nokkur umræða hefur verið á liðnum vetri um úrgangsmál og þá ekki síst endurskoðun á samningum um úrvinnslu veiðarfæraúrgangs. Þetta hefur verið áhyggjuefni enda framkvæmd þessara mála á engan hátt viðunandi. Nú liggja fyrir drög að samkomulagi um nýjar útfærslur, en það er mat stjórnar hafnasambandsins eftir ítarlega umræðu að allt sé til þess vinnandi að koma á nýju samkomulagi um breytt fyrirkomulag og láta reyna á þá framkvæmd, þó vissulega sé þörf á enn frekari úrbótum.

Þá liggur fyrir á næstunni innleiðing á nýrri tilskipun um móttöku úrgangs í höfnum. Hafnasambandið hefur átt samtöl við fulltrúa Umhverfisstofnunar og SFS um framtíðarsýn og útfærslur en mikilvægt er að við séum samstíga í því hvernig tekið verði á þessum málum og hagsmunir hafnanna verði tryggður varðandi kostnað og innheimtu vegna söfnunar úrgangs og förgunar. Fulltrúi Umhverfisstofnunar mun fara nánar yfir þessi mál hér á eftir og við fáum einnig kynningu á stöðunni varðandi gerð nýs samnings um úrvinnslu ónýtra veiðarfæra.

**Orkuskipti í höfnum** með styrkingu á raftengingum er eitt af þeim stóru málum sem hafnaryfirvöld vítt og breytt um landið eru að undirbúa eða framkvæma þessi misserin. Hér er víða um stórtækar og kostnaðarsamar framkvæmdir að ræða og um leið mikilvægt framlag til að draga úr mengun og ná fram kolefnisjöfnun á hafnarsvæðum.

Hafnarsambandið hefur lagt áherslu á að þetta stórverkefni verði ekki unnið nema til komi víðtækt samstarf stjórnvalda, orkufyrirtækja og hafnasjóða. Það er óraunhæft með öllu að kostnaður við þetta stóra verkefni lendi með fullum þunga á hafnasjóðum sem eru auk þess misvel búnir til að standa undir slíkum fjárfestingum. Hér er um brýnt framfaramál að ræða, verkefni sem snýr að heildarhagsmunum alls samfélagsins og því þarf að vinna það í sameiginlegu átaki.

Á þingi Hafnasambandsins í lok nóvember á sl. ári var samþykkt áskorun til stjórnvalda þar sem lýst var yfir skýrum vilja til að nýta endurnýjanlega orku í enn frekara mæli til að landtengja skip, en jafnframt minnt á, að árangur í þeim efnum byggi á samtarfi hafna, stjórnvalda, veitufyrirtækja og fleiri aðila. Einnig var skorað á stjórnvöld að tryggja samstarf og þátttöku allra þeirra aðila sem að þessum máli koma, þannig að á næstu árum verði stigin stór skref í því skyni að mæta skuldbindingum Íslands í loftlagsmálum.

Stjórn Hafnasambandsins fylgdi þessari áskorun eftir með bréfi til ráðuneytisins þar sem lagt var til að stofnaður yrði hið fyrsta starfshópur áður nefndra aðila til að samræma útfærslur og

framkvæmd verkefnisins. Þrátt fyrir ítrekun á þessu erindi hafa engin skýr svör borist frá ráðuneytinu. Stjórn Hafnasambandsins mun ganga ákveðið eftir svörum og viðbrögðum við okkar óskum í þessum efnum þegar af afloknum þingkosningum í lok þessa mánaðar.

**Nýframkvæmdir og endurbætur hafnarmannvirkja** eru fjárfrekustu verkefni sem hver hafnarsjóður stendur frammi fyrir hverju sinni. Þrátt fyrir að almennt sé ástand hafnarmannvirkja í ágætu lagi hérlendis, er ljóst að mörg eru komin á tíma og víða uppsöfnuð þörf fyrir viðamiklar og kostnaðarsamar endurbætur. Að sama skapi er einnig víða orðin þörf fyrir nýja hafnarbakka, dýpri viðlegu, meira uppland og öflugri sjóvarnargarða.

Stjórn Hafnasambandsins samþykkti á vordögum að hefja vinnu við úttekt á þörf fyrir nýframkvæmdir og endurbætur á hafnarmannvirkjum um land allt. Sumarstarfsmaður sambandsins, Sesselía Dan Róbertsdóttir hagfræðingur, hefur haldið utan um um gagnaöflun og skýrslugerð. Erindi var sent til allra hafnarsjóða í sumarbyrjun og mikilvægt er að ná inn svörum og upplýsingum frá öllum höfnum landsins hið allra fyrsta.

Allar upplýsingar, hversu nákvæmar sem þær geta orðið, koma að miklu gagni, því tilgangurinn með þessari úttekt er fyrst og fremst að kortleggja og ná saman á einum stað grunnupplýsingum um framkvæmda- og viðhaldspörf hafnarmannvirku hérlendis til næstu ára og áratugar.

Auk þeirra upplýsinga sem koma frá hafnarsjóðum, þá hefur jafnframt verið aflað gagna frá Vegagerðinni og fleiri aðilum, auk upplýsinga frá Náttúruhamfaratryggingum um núverandi endurstofnsvirði hafnarmannvirkja á landinu.

Það er mat Hafnasambandsins að brýnt sé að ná saman á einn stað, ítarlegum upplýsingum um almenna viðhaldspörf hafnarmannvirkja og öllum áformum um næstu framtíðaruppbyggingu. Málafni hafna þurfa að fá meiri þunga í almennri umræðu um samgöngumál og um leið aukinn skilning stjórnvalda á mikilvægi hafnarstarfsemi fyrir þjóðarhag.

Í spurningalistanum sem sendur var til allra hafnarsjóða í byrjun sumars, er leitað upplýsinga um heildarfjárfestingar nýframkvæmda sl. 5 ár þ.e. 2016 til 2020. Þá er spurt um áætlaða viðhaldspörf hafnarmannvirkja fyrir næstu 5 ár, þ.e. 2021-2025 og að lokum áætlanir um fyrirhugaðar nýframkvæmdir næstu 10 ára þ.e. 2021 til 2030.

Eflaust liggja ekki fyrir nákvæmar heildaráætlanir á öllum stöðum varðandi þessi atriði, en mikilvægt er týna til allt það sem er á verkefnalistum eða í umræðu og skoðun, til að við náum sem bestri yfirýn varðandi þessa verkþætti, fjárfestingar og fjárþörf næstu ára og áratugar.

Þessi samantekt verður ekki eingöngu mikilvægur upplýsingabanki, heldur einnig um leið nauðsynleg gögn til að tryggja raunsanna umræðu um mikilvægi hafnarmála og skapa um leið aukinn þrýsting á stjórnvöld um framlög til að styrkja og efla þá mikilvægu innviði sem hafnir eru í samgöngum til og frá landinu og grunnþjónustu við fiskveiðar og sjávarútveg.

## **Umferð farþegaskipa**

Mestur uppgangur og styrking fyrir starfsemi hafna á umliðnum árum hefur verið sívaxandi umferð farþegaskipa. Mikilvægi þessa þáttar í starfsemi fjölda hafna, sýndi sig ekki síst, þegar nánast engin skip komu til landsins covid-sumarið 2020.

Umferðin í sumar hefur sýnt að hér á Íslandi var bæði samfélagið, stjórnvöld og hafnirnar vel undirbúnar og skipulagðar til að byggja upp starfsemina að nýju og mæta þeim kröfum og skilyrðum sem vinna þurfti eftir. Það er ástæða til að gleðjast yfir þeim árangri og viðspyrnu og horfa björtum augum til næstu ára sem lofa góðu og það eru sannarlega sóknarfæri með skipakomur af öllum stærðum og gerðum á fjölmargar hafnir vítt og breytt um landið.

### **Ágætu fundarmenn!**

Við höfum í okkar rekstri undanfarin ár og misseri upplifað sérstaka tíma, líkt og þjóðin og öll samfélög heimsins hafa þurft að takast á við.

Í mínum huga stendur uppúr í þeim efnum, að við höfum sýnt með skýrum hætti að við slíkar óvenjulegar aðstæður, þar sem samfélög hafa verið meira og minna lömuð í lengri og skemmri tíma, flugsamgöngur legið niðri og þjónusta og samskipti milli landa verið í lágmarki, þá hefur starfsemi hafnanna verið ábyggileg og traust, hvort heldur er landanir eða útskipanir.

Þessi staðreynd lýsir frekar en nokkuð annað mikilvægi hafnarstarfseminnar, ekki síst á viðsjárverðum tímum.

*Ágætu hafnastarfsmenn!*

*Ég segi 10. Hafnafund Hafnasambandsins formlega settan!*